Veðurstofa Íslands
Greinargerð

Magnús Már Magnússon

# Snjóflóðavaktin

## Uppgjör vetrarins 1998 – 1999

VÍ-G99022-ÚR12
Reykjavík
Nóvember 1999

Veðurstofa Íslands
Greinargerð

Magnús Már Magnússon

# Snjóflóðavaktin
## Uppgjör vetrarins 1998 – 1999

VÍ-G99022-ÚR12
Reykjavík
Nóvember 1999

# 1 INNGANGUR

Snjóflóðavaktin hófst 15. október 1998 og stóð fram til 1. maí, 1999. Venjulega stendur vaktin til 15. apríl en vegna ótryggra snjóalaga og tvísýns veðurs var ákveðið að framlengja vaktina um tvær vikur. Þufti síðan að rýma á Seyðisfirði á því tímabili.

Viðbúnaðarkerfi vegna rýminga hefur nú verið rekið á Veðurstofunni í þrjá vetur, en hefur tekið breytingum á hverjum vetri. Á Veðurstofunni í Reykjavík, hafa fjórir starfsmenn gengið vaktir frá upphafi og síðasta vetur kom Sigurður Kiernan inn sem fimmti maður. 19 snjóathuganamenn eru starfandi í 13 byggðalögum, 6 „aðalmenn" og 13 „aðstoðarmenn" .

Veturinn 1998-1999 skapaðist snjóflóðahætta mun oftar en fyrri veturna tvo sem kerfið hefur verið rekið. Alls voru hús rýmd 15 sinnum um veturinn í 7 snjóflóðahrinum. Snjóflóð féll inn á, eða í grennd við reiti sem rýmdir höfðu verið í 3 skipti en engin slys urðu á mönnum né lentu flóð á húsum í þéttbýli ef undan er skilið flóð, sem skall á hús, sem Ofanflóðanefnd hafði keypt. Tveir menn fórust hins vegar í snjóflóðum utan þéttbýlis, annar á ferð á þjóðvegi í Laxárdal í S-Þingeyjarsýslu en hinn á vélsleða í fjallshlíð utan vegar í Trékyllisvík á Ströndum.

# 2 RÝMINGAR

Í allt var gripið til rýminga 15 sinnum í 7 snjóflóðahrinum. Alls voru 97 hús rýmd og yfirgáfu 277 íbúar heimili sín. [1]

Rýmingar voru eftirfarandi:

| Staður | Svæði rýmd | Tímabil | Fjöldi daga | Fjöldi húsa | Fjöldi fólks |
|---|---|---|---|---|---|
| Seyðisfjörður | L og M | 16/1 til 17/1 | 1 | 1 | 14 |
| Siglufjörður | A[2], G og K | 20/1 til 21/1 | 1 | 31 | 49 |
| Ísafjörður | C | 18/2 til 19/2 | 1 | 6 | 7 |
| Súðavík | Gamla íbúðabyggðin | 18/2 til 19/2 | 1 | 2 | 6[3] |
| Bolungarvík | A og E | 18/2 til 22/2 | 4 | 8 | 36 |
| Hnífsdalur | M | 18/2 til 22/2 | 4 | 0 [4] | 0 |
| Siglufjörður | A, G og K [5] | 19/2 til 22/2 | 3 | 20 | 47 |
| Ísafjörður | C | 20/2 til 22/2 | 2 | 6 | 7 |
| Bíldudalur | Eftir þörfum | 24/2 | 1 | 3 | 11 |
| Seyðisfjörður | L og M | 10/3 til 11/3 | 1 | 1 | 14 |
| Seyðisfjörður | L og M | 12/3 til 13/3 | 1 | 1 | 14 |
| Ísafjörður | C | 12/3 til 14/3 | 2 | 0 [6] | 0 |
| Bolungarvík | A og E | 12/3 til 14/3 | 2 | 8 | 31 |
| Bolungarvík | A og E | 17/3 til 18/3 | 2 | 8 | 29 |
| Seyðisfjörður | L og M | 16/4 til 18/4 | 2 | 1 | 12 |
| Samtals | | | 28 | 76 | 277 |

[1] Þetta eru heildartölur, talið er hvert einstakt skipti þegar hús er rýmt, þ.e. hús getur verið rýmt oftar en einu sinni og sömuleiðis þurftu sumir íbúar að yfirgefa hús sín oftar en einu sinni.

[2] Að undanskyldu Norðurtúni.

[3] Sjá skýrslu Almannavarna í viðauka C.

[4] Ekkert fólk var á svæðinu.

[5] Að frátöldum nokkrum húsum, sem almannavarnanefnd tilgreinir og eru í vari undir Strengsgilsgarðinum.

[6] Ekkert fólk var á svæðinu.

Rýmingar stóðu yfir í samtals 238 klukkutíma og 558 manndaga, þ.e. heildarsumma af fjölda daga margfaldað með fjölda fólks hverju sinni . Ánægja var hjá heimamönnunm og Almannavörnum ríkisins með rekstur vöktunar- og rýmingarkerfisins.

## 3 VAKTAFÓLK

Eftirfarandi starfsmenn gengu snjóflóðavaktir veturinn 1998 til 1999.

- Magnús Már Magnússon (MMM)
- Sigurður Kiernan (SK)
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir (SHH)
- Tómas Jóhannesson (TóJ)
- Þorsteinn Sæmundsson (ÞS)

Í viðauka A er tafla, sem sýnir vaktaskipulag vetrarins.

## 4 VIÐBÚNAÐUR Á VEÐURSTOFUNNI

Rýmingarviðbúnaði er skipt í þrjú stig, svokallað grátt, grænt og gult ástand, eftir því hversu mikið eftirlit þarf að hafa með snjóflóðahættu á hverjum tíma. Í gráu ástandi er ekki talin hætta á snjóflóðum, en fylgst er með veðurspám á hverjum degi og metið hvort slík hætta kunni að skapast á næstu dögum. Ef hætta er talin geta skapast á næstunni er lýst yfir viðbúnaðarástandi, sem auðkennt er með grænum lit. Þegar ákveðið hefur verið að rýma hús, er ástandið auðkennt með gulum lit. Hverjum lit er skipt í tvennt eftir því hversu mikill viðbúnaður er hafður á Veðurstofunni í sambandi við bakvaktir og mönnun snjóflóðavaktarinnar, eins og nánar er lýst í viðauka B hér að neðan. Veturinn 1998-1999 skiptist með eftirfarandi hætti milli þessara stiga:

| | |
|---|---|
| Grátt-2 | 1907 klukkutímar. |
| Grænt-1 | 119 klukkutímar. |
| Gult-1 | 238 klukkutímar. |
| | Allur tími utan þessa er á gráu-1. |

Sólarhringsvöktun á Veðurstofunni, þ.e. grænt eða gult ástand, stóð samtals yfir í 25 daga.

## 5 BAKVAKTIR

Fjöldi skráðra tíma á bakvöktum var sem hér segir:

Fyrir áramót:

| Vaktahlutfall | Fjöldi skráðra tíma fyrir áramót | Fjöldi skráðra tíma eftir áramót | Samtals |
|---|---|---|---|
| 33% | | 402 | 402 |
| 45% | 691 | 1660 | 2351 |
| 90% | 22 | 72 | 94 |
| Samtals | 713 | 2134 | 2847 |

Þetta eru heildartölur, teknar úr bókhaldi VÍ. Þær innihalda „almennar" helgarvaktir, sem eru allt vaktatímabilið, og einnig bakvaktir sem koma til vegna nánari vöktunar (grátt-2) og svo bakvaktir, sem koma til vegna græns eða guls ástands.

Í viðauka B er lýst hvernig bakvöktum var háttað.

# 6 TILLÖGUR UM ENDURBÆTUR OG ATRIÐI TIL UMHUGSUNAR

Endurskoða þarf rýmingarreiti í Hnífsdal. Það er óeðlilegt að tilkynna rýmingu á reit, þar sem Ofanflóðasjóður hefur keypt upp öll hús og ekki er ætlast til að nokkur búi á. Eðlilegast væri að rýmingarviðbúnaður fyrir þennan reit verði felldur niður og komið verði á öryggiskerfi fyrir hesthúsahverfið undir Búðargili, svipuðu því, sem notað er á Ólafsfirði og í Bolungarvík.

Tímasetningu rýminga og tilkynninga um viðbúnaðarástand, þarf að samræma. Að vísu er þetta erfitt því skoðanir eru skiptar, bæði hér innanhúss og í héraði. Æskilegt er að viðbúnaðarástand sé sett á tímanlega fyrir kvöldið. Varðandi tímasetningu rýminga, þá eru þær skoðanir helztar að rýma tímanlega fyrir nóttina, svo þeim sé lokið „fyrir háttatíma barnanna". Síðan eru aðrir, sem vilja bíða við, ef grundvöllur rýmingar er breyting á veðri, þ.e. ef veðrið breytist á ákveðinn hátt, þá sé ástæða til að rýma. Þá yrði rýmt þegar þær veðuraðstæður gengju eftir.

Athuga þyrfti hvor hægt sé að gera hvort tveggja. Gefa tilkynningar um rýmingu út snemma kvölds, og tímasetja hana síðar um kvöldið, t.d. með því að segja að rýmingum skuli vera lokið fyrir ákveðinn tíma. Þá geta þeir sem vilja farið út stax, en aðrir beðið eftir að hinn uppgefni tími renni upp, í þeirri von að rýmingin verði afturkölluð.

Þessar hugmyndir þarf að ræða innanhúss jafnt sem við heimamenn.

Einhver ruglingur kom fram varðandi sendingar á tilkynningum til Almannavarna ríkisins, sem fólst aðallega í að það gleymdist að senda afllýsingar. Hugsanleg skýring á þessu er sú að á öll eyðublöðin er nafn AvR prentað á, ásamt faxnúmerinu. Allt annað er skrifað inn og því er hugsanlegt að það „gleymist" að senda á þá. Því er mikilvægt að muna að það á að senda allar tilkynningar til Almannavarna ríkisins.

Einnig gleymdist í eitt eða tvö skipti að senda tilkynningar til almannavarnanefndar Súðavíkur. Hugsanleg skýring á því er að vaktafólk „muni" ekki að Súðavikurnefndin er sjálfstæð nefnd, þó svo að sýslumaðurinn á Ísafirði sé yfirmaður hennar. Tilkynningar eru sendar til sýslumannsins og allra annara aðila á Ísafirði en Súðavíkurnefndin gleymist. Vaktafólk þarf að leggja sig fram við að „muna" eftir Súðavíkurnefndinni.

Eins og málum er háttað hringir vaktafólk beint í sjálfvirkar veðurstöðvar. Þetta er gert allan veturinn og mjög oft, ef eitthvað er um að vera. Athuganakerfi VÍ hringir í allar þessar stöðvar með reglulegu millibili, oftast á klukkutíma fresti, og nær í allar upplýsingar. Því er um töluverðan tvíverknað að ræða og óþarfa kostnað. Athuga þyrfti hvort hægt er að tengja „Visualog[7]" kerfið sem vaktmenn nota við „hrágagnagrunn" sjálfvirku veðurstöðvanna til að fækka hringingum. Þá yrðu engar athuganir eldri en klukkutíma gamlar, þegar vaktmaður athugar stöðuna og þarf hann því ekki að bíða í lengri tíma eftir að borðtölvan hringi í allar stöðvar. Þó er nauðsynlegt að vaktafólk geti hringt oftar í stöðvarnar ef það telur þörf á.

Komið var upp sjálfvirkri veðurstöð í Fífladölum, ofan Siglufjarðarbæjar, í tengslum við stoðvirkjatilraunina í Grindagili. Mjög illa hefur gengið að fá gögn frá þessari stöð, reyndar fauk hún um koll síðastliðinn vetur. Það þyrfti að endurreisa stöðina og koma henni í gott samband við stöðvakerfi VÍ, svo gögn úr henni nýtist við mat á snjóflóðahættu.

Nauðsynlegt var að bæta við sjálfvirkri stöð á Bolungarvík og setja upp úrkomumæli á Súðavík. Þetta hefur verið gert.

[7] Eða eitthvað annað kerfi sem gerir svipaða hluti.

# 7 VAKTAPLÁSS OG ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Aðstaða snjóflóðavaktarinnar uppi á þriðju hæð hefur reynst vel, en nokkurra endurbóta er þörf. Lítið sjónvarp verður sett upp, svo hægt sé að fylgjast með fréttum, án þess að yfirgefa svæðið. Einnig verður fenginn þráðlaus sími, sem tengist inn á númer 619, sem er ekki tekinn upp á segulband. Fengin verða statíf fyrir hina símana til að þeir taki ekki upp óþarfa borðpláss.

Önnur tölva verður sett upp í aðstöðunni, svo tveir starfsmenn geti unnið samtímis s.s. veðurfræðingur að skrifa sérspá og snjóflóðamaður að athuga nýjustu upplýsingar og skrá atburði.

Rætt hefur verið um að koma upp hvíldaraðstöðu fyrir næturvaktina. Þetta er í athugun.

Nokkurar óánægju gætti meðal vaktafólks með hversu flókið bakvaktakerfið var, erfitt þótti að reikna út hvenær fólk var á bakvakt. Því verður bakvaktakerfið einfaldað og næsta vetur mun vaktafólk skrá jafnóðum, á þar til gerð eyðublöð, hvenær það er á bakvakt.

# Viðauki A

Vaktaskipulag var sem hér segir[8].

| Frá - Til | S1 | S2 | S3 | S4 | S5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.10.'98 - 20.10.'98 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |
| 20.10.'98 - 27.10.'98 | SK | ÞS | TóJ | SHH | MMM |
| 27.10.'98 - 03.11.'98 | ÞS | TóJ | SHH | MMM | SK |
| 03.11.'98 - 10.11.'98 | TóJ | SHH | MMM | SK | ÞS |
| 10.11.'98 - 17.11.'98 | SHH | MMM | SK | ÞS | TóJ |
| 17.11.'98 - 24.11.'98 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |
| 24.11.'98 - 01.12.'98 | SK | ÞS | TóJ | SHH | MMM |
| 01.12.'98 - 08.12.'98 | ÞS | TóJ | SHH | MMM | SK |
| 08.12.'98 - 15.12.'98 | TóJ | SHH | MMM | SK | ÞS |
| 15.12.'98 - 22.12.'98 | SHH | MMM | SK | ÞS | TóJ |
| 22.12.'98 - 29.12.'98 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |
| 29.12.'98 - 05.01.'99 | SK | ÞS | TóJ | SHH | MMM |
| 05.01.'99 - 12.01.'99 | ÞS | TóJ | SHH | MMM | SK |
| 12.01.'99 - 19.01.'99 | TóJ | SHH | MMM | SK | ÞS |
| 19.01.'99 - 26.01.'99 | SHH | MMM | SK | ÞS | TóJ |
| 26.01.'99 - 02.02.'99 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |
| 02.02.'99 - 09.02.'99 | SK | ÞS | TóJ | SHH | MMM |
| 09.02.'99 - 16.02.'99 | ÞS | TóJ | SHH | MMM | SK |
| 16.02.'99 - 23.02.'99 | TóJ | SHH | MMM | SK | ÞS |
| 23.02.'99 - 02.03.'99 | SHH | MMM | SK | ÞS | TóJ |
| 02.03.'99 - 09.03.'99 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |
| 09.03.'99 - 16.03.'99 | SK | ÞS | TóJ | SHH | MMM |
| 16.03.'99 - 23.03.'99 | ÞS | TóJ | SHH | MMM | SK |
| 23.03.'99 - 30.03.'99 | TóJ | SHH | MMM | SK | ÞS |
| 30.03.'99 - 06.04.'99 | SHH | MMM | SK | ÞS | TóJ |
| 06.04.'99 - 15.04.'99 | MMM | SK | ÞS | TóJ | SHH |

TóJ, MMM og SHH skiptu með sér vöktunum milli 15. apríl og 1. maí, auk þess sem rýming var í gangi hluta tímans.

[8] Vaktafólk skiptist iðulega á vöktum svo einhverjar breytingar urðu á skipulaginu. Sjá nánar í vaktabók.

# Viðauki B

Reglurnar um bakvaktir voru sem hér segir:

## Grátt ástand

**Grátt-1:** S1 á bakvakt aðeins um helgar, frá miðnætti aðfaranótt laugardags til klukkan 08:00 á mánudagsmorgni.

**Grátt-2:** S1 á bakvakt utan viðverutíma í Veðurstofuhúsinu.

## Grænt ástand

**Grænt-1:** Vaktstjóri að öllu jöfnu í húsinu, en á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Annar maður á vakt, þ.e. sá sem tekur við starfi vaktstjóra þegar „núverandi“ vakt er lokið, á bakvakt alla daga kl. 08 - 24 utan viðveru í Veðurstofuhúsinu, þó aldrei skemur en sem nemur 4 klukkustundum.

**Grænt-2:** Neyðarvaktkerfi.

## Gult ástand

**Gult-1:** Neyðarvaktkerfi.

**Gult-2:** Allir vaktstarfsmenn á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

## Neyðarvaktkerfi

Allt starfsfólk snjóflóðavaktarinnar er á bakvakt nema á ZZ vaktinni.
Tímabilið, sem bakvaktirnar ná yfir er frá 00:00 til 24:00.

VIÐAUKI C

# Minnisblað

Fyrirtæki: **Veðurstofa Íslands** Tengiliður: **Magnús Már Magnússon**
Símanúmer: **560 0600** Beinn sími:
Flokkur:
Bréfalykill: **4 Aðgerðir\4.01 Aðgerðarskýrslur\4.01-14 Snjóflóð**

VEÐURSTOFA ÍSLANDS
Mótt. 19-8-99
Nr. 310
Afrit MMM + TJ
Svarað ____ Nr. ____

Dagsetning: 13.08.99 Kl: 29

Efni: **Samantekt á gangi mála vegna rýminga veturinn 98-99**

Skjalið:

Reykjavík 04.08.99

**Stutt samantekt á því hvernig snjóflóðavarna og rýmingamál gengu veturinn 1998-99, frá sjónarhóli AVRIK.**

ALls var um að ræða 7 aðgerðalotur sem stóðu frá einum degi upp í þrjá daga. AlLs eru skráðar 12 rýmingar.

Samtals voru í þessum 12 rýmingum um að ræða flutning á 263 einstaklingum úr 95 húsum (sjá töflu hér að neðan).

| Dagsetning | Staður | Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi fólks |
|---|---|---|---|---|
| 16.4.1999 | Seyðisfjörður | L og M ✓ | 1 | 12 |
| 17.3.1999 | Bolungarvík | A og E ✓ | 8 | 29 |
| 10.3.1999 | Seyðisfjörður | M og L ✓ | 1 | 14 |
| 12.3.1999 | Bolungarvík | A og E ✓ | 8 | 31 |
| 23.3.1999 | Bíldudalur | ✓ | 3 | 11 |
| 18.2.1999 | Ísafjörður | C ✓ | 6 | 7 |
| 18.2.1999 | Súðavík | ✓ | 2 | 6 |
| 18.2.1999 | Bolungarvík | A og E ✓ | 8 | 36 |
| 19.2.1999 | Siglufjörður | A, G og K ✓ | 20 | 47 |
| 20.2.1999 | Ísafjörður | C ✓ | 6 | 7 |
| 20.1.1999 | Siglufjörður | A, G og K ✓ | 31 | 49 |
| 16.1.1999 | Seyðisfjörður | L og M ✓ | 1 | 14 |
| | | | **95** | **263** |

Í heildina gekk þessi vetur vel. Nokkuð var þó um það að fólk neitaði að yfirgefa hús sín, einkum í Bolungarvík og í Súðavík.
Í vetur voru menn minntir á það sem vitað var að snjóflóðavarnir í dreifðum byggðum er ákveðið vandamál, ekki síst þegar kemur að þeirri spurningu hvort rétt sé að rýma einstaka bóndabæi. Dæmi um þetta er Birkihlíð í Ljósavatnsskarði.
Það fyrirkomulag sem nú er unnið eftir virðist vera að festast í sessi og vinnst æ betur með hverjum vetrinum. Á þessu er þó ein undantekning þennan vetur og er það aðgerðalota sem stóð frá 18. - 20. febrúar 1999. Þá kom upp ákveðinn ruglingur á þeim gögnum sem send voru frá VÍ og í sumum tilfellum bárust tilskyldar upplýsingar ekki fyrr en kallað var eftir þeim.

Að öðru leit verður ekki betur séð enn að þetta sé allt í rétta átt og vonast Almannvarnir ríkisins eftir áframhaldandi góðu samstarfi við snjóflóðavarnir VÍ.

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

**Dags:** 16/4 '99 kl 23^25

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| Almannavarnir Seyðisfjarðar | 472-1534 |
| | |
| | |
| | |
| | |

☒ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. bíður Tilkynningaskyldunni að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| | | | |
| L | | | |
| M | 1 | 12 | H og G |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt
til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

17.04.1999

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Hafþór Jónsson
Nafn + embættisstimpill

**Rýming staðfest kl.** 00.17

[signature]
Nafn + embættisstimpill

LÖGREGLAN SEYÐISFIRÐI

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 17.03.99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| ALMANNAVARNAR - | |
| BOLUNGAVÍKUR | |
| | |
| | |
| | |

☑ Starfsmaður Avrik eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| A | 2 | 7 | |
| E | 6 | 22 | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**
ALMANNAVARNIR RÍKISINS
[signature]
Nafn + embættisstimpill

**Rýming staðfest kl.** 22:25
Jón B. Guðmundsson [signature]
Nafn + embættisstimpill
LÖGREGLAN BOLUNGARVÍK

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrik\rýmingareyðublað.snjóflóð.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

**Dags:** 10/3 '99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| Almannavarnir | 472-1534 |
| Seyðisfjarðar | |
| | |
| | |
| | |

☒ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| M. | 1. | 14 | H. |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Nafn + embættisstimpill
*ALMANNAVARNIR RÍKISINS*

Rýming staðfest kl. 21.35

Nafn + embættisstimpill

LÖGREGLAN SEYÐIS

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 12/03/99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| LÖGREGLUSTJÓRINN Í BOLUNGARV. | 456-7573 |
| | |
| | |
| | |
| | |

☐ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| A | 2 | 8 | |
| E | 6 | 23 | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Sólveig Ó. Einarsson

Nafn + embættisstimpill

*ALMANNAVARNIR RÍKISINS*

**Rýming staðfest kl.** 23.30

Einar Magnússon

Nafn + embættisstimpill

LÖGREGLAN BOLUNGARVÍK

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrík\rýmingareyðublað.snjoflod.doc

+354 562 0046

BÍLDUDALUR 23.02.99




3 hús rýmd innan þessa hrings.

1. Úr Gilsbakka fóru 6 pers. að Tjarnarbraut 17
2. Úr Sælundi fóru 2pers. að Hafnarbraut 2
3. Úr Sæbakka 3 fóru 3 pers. að Arnarbakka 8

24/2/99

552 8127

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 18.02.99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| ALMANNAVARNIR ÍSAFJ. | 456-7795 |
| | |
| | |
| | |
| | |

☑ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| C | 6 | 7 | B H |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt
til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:** **Rýming staðfest kl.** 22 12

[signature] [signature]

Nafn + embættisstimpill Nafn + embættisstimpill

ALMANNAVARNIR RÍKISINS LÖGREGLAN ÍSAFIRÐI

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlunir Avrík\rýmingareyðublað.snjoflod.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

**Dags:** 18.02.99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| AVN SÚÐAVÍKUR | 456-4946 |
| SÝSLUMAÐURINN Á ÍSAFJ | 456-4775 |
| | |
| | |
| | |

☐ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| ~~Reitur~~ HÚS | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| TÚNGATA 13 | 1 | 3 | A |
| AÐALGATA 62 | 1 | 1 | A* |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

*ÍBÚI AÐALGÖTU 62 SEGIST FARA Í EYRARDAL 5 Á SVÆÐI A, EN VILL EKKI STAÐFESTA KOMU ÞANGAÐ. ÞVÍ STAÐFESTI ÉG EKKI BROTTFÖR HENNAR, EN HÚN FÉKK TILKYNNINGU UM RÝMINGU KL. 19 25*

f.h. Almannavarna ríkisins: [signature]

Nafn + embættisstimpill

Rýming staðfest kl. 21 10

[signature] [stamp: SVEITARSTJÓRI SÚÐAVÍKURHREPPS]

Nafn + embættisstimpill

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrík\rýmingareyðublað.snjoflod.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 18.02.99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| AVN Bolungarvíkur | 456 7573 |
| | |
| | |
| | |
| | |

☐ Starfsmaður Avrik eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| A | 2 | 8 | |
| E | 6 | 28 | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Nafn + embættisstimpill

*ALMANNAVARNIR RÍKISINS*

**Rýming staðfest kl.** 00:50

Nafn + embættisstimpill

Bæjarstjórinn Bolungarvík

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrik\rýmingareyðublað_snjóflóð.doc

SIGLUFJARÐ...

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 19. febrúar 1999

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| Siglufjörður | |
| Guðgeir - Lögregluv. | |
| | |
| | |
| | |

☐ Starfsmaður Avrik eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| A (hluti) | 2 | 21 | I |
| G | 8 | 13 | I og R |
| K | 5 | 13 | I og O |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

**f.h. Almannavarna ríkisins:** Kjartan B. Ólafsson

Nafn + embættisstimpill

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

**Rýming staðfest kl.** 12:30

Nafn + embættisstimpill

SÝSLUMAÐURINN Á SIGLUFIRÐI

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrik\rýmingareyðublað.snjoflod.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

**Dags:** 20.02.99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| AVN - ÍSAFJARÐ | 456 - 4572 |
| | |
| | |
| | |
| | |

☐ Starfsmaður Avrík eða varðstjóri í stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| C | 6 | 2 | I |
| | | +5 (G) | J |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt
til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Nafn + embættisstimpill

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

**Rýming staðfest kl.** 17:46

Nafn + embættisstimpill

LÖGREGLAN ÍSAFIRÐI

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlanir Avrík\rýmingareyðublað.snjoflod.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

## YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 20/1 '99

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| Almannavarnir Siglufjarðar | 467-1589 |
| | |
| | |
| | |

☞ Starfsmaður Avrik eða varðstjóri á stjórnstöð LHG biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| A [illegible] | 10 | 23 | I/F |
| G | 16 (8 [illegible]) | 13 | I |
| K | 5 | 13 | I |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

**f.h. Almannavarna ríkisins:**

Nafn + embættisstimpill

**Rýming staðfest kl.** 21:58

Nafn + embættisstimpill

**ALMANNAVARNIR RÍKISINS**

S:\4 - Aðgerðir\Aðgerðaáætlunir Avrik\rýmingareyðublað snjóflóð.doc

# ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ – HÆTTUSTIG

# YFIRLIT UM RÝMINGU

Dags: 16.01.1999

| Viðtakandi: | Faxnúmer: |
|---|---|
| Almannavarnarn. Seyðisf | 472-1534 |
| | |
| | |
| | |

[ ] Starfsmaður Avrik eða varðstjóri á stjórnstöð LHG. biður Tilkynningaskylduna að koma boðum til bakvaktarmanns Landsstjórnar björgunarsveita um að rýming sé í gangi á ofangreindum stöðum.

**Rýmingu er lokið í eftirtöldum reitum skv. rýmingarkorti:**

| Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi íbúa | Flutt í reit / reiti |
|---|---|---|---|
| | | | |
| M | 0 | 0 | ekkert |
| L | 1 | 14 | H og F |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Þegar rýmingu er lokið, þá vinsamlega sendið blað þetta útfyllt til Almannavarna ríkisins í **bréfsíma 562-0046**

Skýring: 13 Pólverjar fluttir í H-reit og einn Ísl. í F-reit

f.h. Almannavarna ríkisins:
ALMANNAVARNIR RÍKISINS
Nafn + embættisstimpill

Rýming staðfest kl. 22⁵³
Nafn + embættisstimpill
LÖGREGLAN SEYÐISFIRÐI

| Dagsetning | Staður | Reitur | Fjöldi húsa | Fjöldi fólks |
|---|---|---|---|---|
| 16.4.1999 | Seyðisfjörður | L og M | 1 | 12 |
| 17.3.1999 | Bolungarvík | A og E | 8 | 29 |
| 10.3.1999 | Seyðisfjörður | M | 1 | 14 |
| 12.3.1999 | Bolungarvík | A og E | 8 | 31 |
| 12.3.1999 | Hnífsdalur | M | | 0 |
| 12.3.1999 | Seyðisfjörður | ? L og M | ? 1 | 14 |
| 23.3.1999 | Bíldudalur | | 3 | 11 |
| 18.2.1999 | Ísafjörður | C | 6 | 7 |
| 18.2.1999 | Súðavík | | 2 | 6 |
| 18.2.1999 | Hnífsdalur | M | | 0 |
| 18.2.1999 | Bolungarvík | A og E | 8 | 36 |
| 19.2.1999 | Siglufjörður | A, G og K | 20 | 47 |
| 20.2.1999 | Ísafjörður | C | 6 | 7 |
| 20.1.1999 | Siglufjörður | A, G og K | 31 | 49 |
| 16.1.1999 | Seyðisfjörður | L og M | 1 | 14 |
| | | | **95** | **277** |

# Snjóflóðavakt - yfirlit yfir "ástand"

## Grátt, grænt, gult, rýmingar

| Vakt-maður | Ástand | Tímabil frá-til | Staður | Skýringar |
|---|---|---|---|---|
| SK | Grátt 2 | 9810221900-9811021130 | | |
| TJ | Grænt 1 | 9901120830--9901131330 | Bolungarvík | Snjókoman varaði fram á 13-1. 2 snjóflóð á Kirkjubólshlíð og 2 á Súðavíkurhlíð |
| TJ | Grátt 2 | 9901131330--9901151630 | | |
| TJ | Grænt 1 | 9901151630--9901171130 | Siglufirði. | |
| TJ | Grænt 1 | 9901151630--9901171130 | Neskaupstað | |
| TJ | Grænt 1 | 9901151630--9901171540 | Seyðisfirði | |
| TJ | Gult 1 | 9901162050--9901171540 | Seyðisfjörður | Reitir M og L rýmdir |
| SK | Grátt 2 | 9901171540--9901201905 | | |
| SHH | Grænt 1 | 9901201905--9901202120 | Siglufirði. | |
| MMM | Gult 1 | 9901202120--9901211145 | Siglufirði. | Reitir A, að undanskyldu Norðurtúni, G og K |
| SHH | Grænt 1 | 9901211145--9901211610 | Siglufirði. | |
| SHH | Grátt 2 | 9901211610--9902021500 | | |
| TóJó | Grænt 1 | 9902181400-9902181800 | Vestf.&Norðurl. | |
| TóJó | Gult 1 | 9902181800-9902191045 | Ísafjörður | Reitur C á Ísafirði frá kl.23, tilkynning send kl.18. |
| SHH | Gult 1 | 9902181920-9902191031 | Súðavík | Tvö hús í gömlu Súðavík þar sem enn var búið. |
| SHH | Gult 1 | 9902182120-9902221040 | Bolungarvík. | Bolungarvík A & E og hesthúsin. |
| MMM | Gult 1 | 9902182215-9902220915 | Hnífsdal | Reitur M, hesthúsin. |
| TóJ | Gult 1 | 9902191205-9902211845 | Siglufjörður | Reitir G, K og A, að frátöldum nokkrum húsum sem almannavarnanefnd tilgreinir og eru í vari undir Strengsgilsgarðinum. |
| ÞS | Gult 1 | 9902201552-9902220915 | Ísafjörður | Reitur C á Ísafirði. |
| MMM | Grænt 1 | 9902211845-9902221105 | Siglufj.& Ólafsfj. | |
| SHH | Grænt 1 | 9902220915-9902221010 | Ísafj. & Súðavík | |
| SHH | Grænt 1 | 9902221040-9902221045 | Bolungarvík | |
| MMM | Grátt 2 | 9902221105-9902240015 | | |
| SHH | Gult 1 | 9902240015-9902241605 | Bíldudal | Rýma eftir þörfum |
| SK | Grænt 1 | 9902241605-9902241725 | Vesturbyggð | |
| MMM | Grátt 2 | 9902241725-9903101909 | | Svana á vaktinni. SHK tekur við. |
| SK | Gult 1 | 9903101909-9903111740 | Seyðisfjörður | Svæði L & M rýmd |
| MMM | Grænt 1 | 9903111740--9903121835 | Seyðisfjörður | |

| Vakt-maður | Ástand | Tímabil frá-til | Staður | Skýringar |
|---|---|---|---|---|
| MMM | Grænt 1 | 9903111910-9903121900 | Vestfirðir | Rýmt á Ísaf. Og Bolungarvík, Önnur svæði sem voru á Grænu 1 halda því áfram. |
| MMM | Grænt 1 | 9903121700-9903151000 | Ólafsfirði | |
| MMM | Grænt 1 | 9903121700-9903141830 | Siglufirði. | |
| MMM | Gult 1 | 9903121835-9903131515 | Seyðisfirði | Svæði L & M rýmd |
| MMM | Gult 1 | 9903121900-9903141715 | Ísafirði | Svæði C |
| MMM | Gult 1 | 9903121920-9903141222 | Bolungarvík | Svæði A og E |
| MMM | Grænt 1 | 9903131515-9903131930 | Seyðisfirði | |
| SHH | Grænt 1 | 9903141715-9903151000 | Vestfjörðum | |
| MMM | Grátt 2 | 9903151000-9903171820 | | SHK tekur við "S" vaktinni |
| MMM | Grænt 1 | 9903171820-9903171915 | N-verðum Vestfj. | |
| MMM | Gult 1 | 9903171915-9903181330 | Bolungarvík | Svæði A og E |
| SK | Grænt 1 | 9903181330-9903181900 | N-verðum Vestfj. | |
| TóJ | Grátt 2 | 9903181900-9904162243 | | |
| TóJ | Gult 1 | 9904162243-9904181400 | Seyðisfirði | Svæði L & M rýmd |
| MMM | Grænt 1 | 9904181400-9904181405 | Seyðisfirði | |
| MMM | Grátt 2 | 9904181405-9904191600 | | |